



Akureyrarbær

Gásakaupstaður ses
Belamerkurskóla
601 Akureyri

Akureyri, 2. apríl 2020
2019030230 / 05-530

Efni: Gásakaupstaður - framtíð sjálfseignarstofnunarinnar og Miðaldadaga

Bæjarráð hefur á fundi sínum þann 2. apríl 2020 gert eftirfarandi bókun:

Lagt fram erindi dagsett 24. mars 2020 frá stjórn Gásakaupstaðar ses. þar sem óskað er viðbragða Akureyrarbæjar, sem stofnfjáreiganda, við tillögu stjórnar um að á fyrirhuguðum aukaaðalfundi félagsins verði stofnuninni slitið. Í kjölfarið er lagt til að eigendur stofnunarinnar geri með sér samstarfssamning um framkvæmd og fjármögnun Miðaldadaga. Þórhallur Jónsson bæjarfulltrúi sat fund bæjarráðs undir þessum lið.

Bæjarráð samþykkir þær tillögur sem fram koma í erindinu um að sjálfseignarstofnunni verði slitið en lýsir jafnframt yfir vilja til að gera þriggja ára samstarfssamning um Miðaldadaga að því gefnu að aðrir stofnaðilar Gásakaupstaðar ses. taki þátt í verkefninu. Framlag til samstarfssamningsins verði 1 milljón króna á árinu 2020 og rúmast innan fjárhagsáætlunar.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,
fyrir hönd bæjarstjóra



Elva Björk Einarsdóttir
sérfræðingur á skjalasafni